

**205. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fjarfundi,
16. ágúst 2021 og hófst hann kl. 16:15.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Fundurinn er haldinn í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

Fyrir tekið:

1. 2106178 - Aðalskipulag Akraness - breyting Jörundarholti

Kynningargögn kynnt fyrir áframhaldandi vinnu við breytingu aðalskipulag við Jörundarholt

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að haldinn verði kynningarfundur um breytingu á aðalskipulaginu og fyrirhugaðar framkvæmdir vegna byggingu íbúðarkjarna í Jörundarholti.

2. 2108092 - Færanlegar kennslustofur við Grundaskóla

Tilboð voru opnuð 13. ágúst sl. í færanlegar kennslustofur við Grundaskóla, tvö tilboð bárust.

Eftirfarandi tilboð bárust í lausar kennslustofur í Grundaskóla:

GS Import ehf. kr. 107.903.749

Snorri ehf. kr. 194.257.176

Kostnaðaráætlun kr. 101.028.100

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að samið verði við lægstbjóðanda.

3. 2108104 - Garðyrkjustjóri

Auglýsing um starf garðyrkjustjóra.

Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra Skipulags- og umhverfissviðs og mannauðsstjóra að auglýsa starf garðyrkjustjóra.

Fundarmenn samþykktu fundargerðina með rafrænum hætti.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:15.